

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

877. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 17. ágúst 2015 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Ingimar Sigurðsson varamaður.

Embættismenn:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Afgreiðslur:

1. Fundargerð fræðsluráðs.

Lögð fram fundargerð 162. fundar fræðsluráðs frá 5. ágúst sl. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.

2. Fundargerð skipulags- og umhverfisaráðs:

Lögð fram fundargerð 254. fundar skipulags- og umhverfisaráðs frá 6. ágúst sl. Fundargerð í 8 liðum.

2. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum

4. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum

5. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum.

6. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum.

8. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.

3. 1508009 Erindi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti um samstarfsverkefni

ráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands og samtökunum Heimili og skóli; "Þjóðarsáttmáli um læsi". Lagt er til að gerður verður þjóðarsáttmáli um læsi, þess efnis að öll börn lesi sér til gagns við útskrift úr grunnskóla. Til að ná fram markmiðum um þjóðarsáttmála um læsi býður mennta- og menningarmálaráðherra öllum bæjar- og sveitarstjórum landsins að undirrita Þjóðarsáttmála um læsi þar sem aðilar samningsins, ríki og sveitarfélög, skuldbinda sig til að vinna að því með öllum tiltækum ráðum að ná settu markmiði um læsi. Byggðarráð samþykkir að taka þátt í verkefninu enda verði ráðgjöf og þjónusta vegna verkefnisins sveitarfélaginu að kostnaðarlausu. Byggðarráð felur sveitarstjóra að undirrita sáttmálann fyrir hönd sveitarfélagsins.

4. **1508018 Lagðar fram umsóknir um styrki úr Húnaþjóði.** 5 umsóknir bárust um styrk úr Húnaþjóði, þar af voru 4 sem uppfylla skilyrði til úthlutunar. Byggðarráð samþykkir að veita eftirtöldum umsækjendum styrk úr Húnaþjóði árið 2015:
Ásta Björnsdóttir, nám til BS prófs í reiðmennsku og reiðkennslu.
Björn Líndal Traustason, nám til BS prófs í viðskiptafræði
Rakel Runólfsdóttir, nám til diplóma í opinberri stjórnsýslu
Salbjörg Ragna Sævarsdóttir, nám til Bed í faggreinakennslu í grunnskóla
Styrkfjárhæð á hvern styrkþega er kr. 100.000
5. **1506098 Lagt fram bréf leikskólastjóra** þar sem óskað er eftir 50% stöðugildi stuðningsfulltrúa við leiksólann Ásgarð. Fyrir liggur jákvæð umsögn sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Byggðarráð samþykkir erindið.
6. **1507021 Lögð fram umsókn um námsvist utan lögheimilis nemanda.** Fyrir liggur jákvæð umsögn sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Byggðarráð samþykkir erindið.
7. **1508021 Lagt fram fundarboð félagsfundar Veidifélags Miðfirðinga, sem haldinn verður 24. ágúst n.k. kl 17:00 í Félagsheimilinu Ásbyrgi.** Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og oddviti til vara.
8. **1508020 Lagt fram aðalfundarboð Hæðarinnar ehf.** sem haldinn verður í fjarnámsstofunni að Höfðabraut 6 Hvammstanga þriðjudaginn 18. ágúst nk. kl 15:00. Samþykkt að oddviti verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.
9. **1508022 Lagt fram til kynningar bréf Stéttarfélagsins Samstöðu** dags. 13. ágúst sl.um endurskoðun starfsmats og greiðslur til starfsmanna.
10. **1507037 Fjárhagsstaða 2. ársfjórðungur.** Lagt fram til kynningar yfirlit yfir stöðu fjárhagsbókhalds fyrstu 6 mánuði ársins og samanburður við fjárhagsáætlun ársins. Rekstur er almennt í samræmi við áætlun ársins 2015.

Samþykkt að taka á dagskrá
11. **1508023 Lagt fram bréf frá Sýslumanni dags. 17. ágúst þar sem óskað er eftir** umsögn vegna umsóknar um leyfi skv. lögum nr. 85/2007 svo og reglugerðar nr. 585/2007. Björn Víglundur Gunnþórsson sækir um endurnýjun leyfis til að reka gististað í flokki V að Dæli í Húnaþingi vestra. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
12. **Byggðarráð vill þakka þeim sem stóðu að hátíðinni „Eldur í Húnaþingi“** fyrir gott starf og vel heppnaða hátíð.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.15:23

Elín Jóna Rósinberg

Ingimar Sigurðsson

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Guðrún Ragnarsdóttir